



Barnaheill

Fundargerð Stjórnarfundur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Tími : 14. nóvember 2022 kl. 17:00

Fundur nr : 6. ársins, (3. fundur starfsársins)

Staður : Fákafen 9 og á TEAMS

Mætt: Bjarni Torfi Álfþórsson, Sólveig Rós Másdóttir, Pétur Óli Gíslason, Rakel Norðfjörð

Boðuð forföll: Brynja Dan Gunnarsdóttir, Bergrún Íris Sævarsdóttir, Jóhanna V Guðmundsdóttir, Elísabeth Guðmundsdóttir og Funi Sigurðsson.

Starfsfólk Barnaheilla sem tók þátt í fundinum: Ellen Calmon framkvæmdastýra og Linda Hrönn Þórisdóttir, undir 1. og 4. lið

Dagskrá:

1. Viðurkenning Barnaheilla 2022 – viðurkenningarhafi valinn úr tilnefningum
2. Starfsreglur og sjálfsmat stjórnar.
3. Hópur um verðlaunagrip viðurkenningar Barnaheilla 2023+ segir frá.
4. Dagur mannréttinda barna og hlutverk stjórnar á Viðurkenningu 21. nóvember
5. Fyrstu drög að starfs- og fjárhagsáætlun 2023 rædd
6. 9 mánaða uppgjör lagt fram

1. **Viðurkenning Barnaheilla 2022 – viðurkenningarhafi valinn úr tilnefningum**
Í tölvupósti frá formanni stjórnar þann 20. október sl. var tilkynnt að Össur Geirsson hafi orðið fyrir vali stjórnar sem viðurkenningarhafi Barnaheilla árið 2022.

2. **Starfsreglur og sjálfsmat stjórnar**
Rætt um mikilvægi sjálfsmats stjórnar og ákveðið að slíkt fari fram í lok þessa starfsárs.

3. **Hópur um verðlaunagrip viðurkenningar Barnaheilla 2023 segir frá**
Rakel kynnir vinnu hóps um nýjan verðlaunagrip Barnaheilla. Sá gripur verður notaður næsta áratuginn hið minnsta. Vinnan er enn í gangi og niðurstaða verður kynnt síðar.

4. **Dagur mannréttinda barna og hlutverk stjórnar á Viðurkenningu 21. nóvember**
Linda Hrönn Þórisdóttir fór yfir dagskrá þessa dags og kynnti hlutverk stjórnar á þessum viðburði.

5. **Fyrstu drög að starfs- og fjárhagsáætlun 2023 rædd**

Ellen kynnti áform um nýja nálgun á fram- og uppsetningu á starfs- og fjárhagsáætlun v/2023. Stjórn lýsti ánægju með þessa nýju nálgun.

6. 9. mánaða uppgjör lagt fram

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti drög að 9 mánaða uppgjöri.

Afgreiðsla : fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóma.

Fundi slitið kl. 18:13

Fundargerð ritaði Bjarni Torfi